



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 13. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). Þingskjal 35 – 35. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Berglind Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (hækkan kynferðislegs lágmarksaldurs).

Barnaheill þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Samtökin styðja við megin tilgang frumvarpsins, að auka réttarvernd barna gegn kynferðisofbeldi og telja afar mikilvægt að taka það fram.

Hins vegar vilja samtökin taka undir öll sjónarmið sem fram koma í umsögn Héraðssaksóknara. Sjá: [153-3991.pdf \(althingi.is\)](https://www.thingi.is/153-3991.pdf).

Hegningarlög vernda börn ekki nægjanlega

Það er að mati Barnaheilla afar mikilvægt að hegningarlög nái betur utan um brot sem framin eru gegn kynferðislegri friðhelgi barna. Rétt er að taka undir þau sjónarmið og áhyggjur sem fram koma í greinargerð með umræddu frumvarpi að það falla dómar þar sem sýknað er í málum er varða kynferðisofbeldi gegn börnum, vegna óskýrleika refsheimilda eða skilgreininga á hvað teljist brot og eigi að vera refsivert. Það er því þakkarvert að þingmenn opni á umræðuna um að lagfæra þurfi hegningarlög og tryggja betur að þau verndi börn gegn kynferðisofbeldi, þ.á m. gegn tælingu (e. grooming).

Kynferðislegur lögaldur

Hins vegar er það umhugsunarefni, að mati Barnaheilla, að kynferðisleg friðhelgi barna, sé einungis neikvætt skilgreind í lögum og hvergi er skilgreint í lögum, (fyrir utan lögræðislög sem kveður á um að einstaklingur verði lögráða, og þar með sjálfráða um ákvárdanir um kynferðisleg samskipti, við 18 ára aldur), hvenær barn hefur val um að stunda kynferðisleg samskipti. Einungis er skilgreint í lögum hvenær það telst refsivert að eiga kynferðislegt samneyti við einstakling sem er barn að aldri og hvenær ekki.

Hins vegar er það almennt viðurkennt að börn kunni að hafa áhuga, vilja og þroska til að hefja kynferðisleg samskipti, við börn á sama eða mjög sambærilegum aldri og þroska, fyrir lögræðisaldur. Að mati Barnaheilla gæti verið tímabært að hefja umræðu um það hvort í lögræðislög eða barnalög mætti bæta við ákvæðum um að börn, hugsanlega 16 ára og eldri, hafi sjálfðæmi og ákvörðunarrétt um að eiga í kynferðislegu sambandi við barn á sama reki að því gefnu að samþykki beggja liggi fyrir.

Eru þessi sjónarmið að mati Barnaheilla, í fullu samræmi við viðmið Barnasáttmálands um að barn hafi aukið frelsi til ákvárdana eftir því sem þroski og aldur þess gefur tilefni til.

Barnaheilla telja máli þarfnað frekari skoðunar

Eins og frumvarpið er fram sett, telja Barnaheill það ekki fullunnið og þurfi nánari skoðunar við, sem og undirbúning, m.a. með samráði við börn og ungmanni um hvernig eigi að orða annars vegar barnalög/lögræðislög um ákvörðun barna/unglinga um að hefja kynlíf eða kynferðisleg samskipti og hins vegar þarf að skoða betur hvernig best sé að skýra hegningarlög til að auka vernd barna gegn kynferðisofbeldi, sem sannarlega þarf að gera að mati Barnaheilla.



Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Samtökin leggja ríka áherslu á vernd barna gegn kynferðisofbeldi.